

Reykjavík, 20. mars 2018
R18030153
1300

Borgarráð

Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2018

Meðfylgjandi minnisblað mannauðsdeildar Reykjavíkurborgar, dags. 19. mars 2018, vegna viðhorfskönnunar meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2018 er lagt fram til kynningar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað mannauðsdeildar til borgarráðs um viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2018, dags. 19. mars 2018.

Til: Borgarráðs

Dagsetning: 19. mars 2018

Efni: Viðhorfskönnun meðal starfsmanna Reykjavíkurborgar 2018

Reykjavíkurborg mælir reglulega viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttanna. Niðurstöðurnar hafa verið nýttar til að bæta árangur í mannauðsmálum og til að gera Reykjavíkurborg að enn betri vinnustað. Niðurstöður úr könnuninni sem lögð var fyrir nýlega koma vel út en hækkun er á milli ára á sextán þáttum af átján en tveir þættir standa í stað. Könnunin var lögð fyrir starfsfólk borgarinnar dagana 29. janúar til 19. febrúar 2018. Könnunin náði til 8133 starfsmanna og alls bárust 4983 svör og var svarhlutfallið því 61%. Í töflu 1 má sjá svarhlutfallið eftir sviðum. Fyrir hvern þátt er reiknuð þáttaeinkunn á bilinu 1 til 5 og er hærri einkunn alltaf jákvæðari niðurstaða.

Tafla 1. Svarhlutfall 2018

	Fjöldi svara 2018	Svarhlutfall 2018	2017	2015	2013
Reykjavíkurborg	4983	61%	64%	66%	68%
Íþrótt- og tómstundasvið	195	80%	76%	82%	79%
Menningar- og ferðamálasvið	139	82%	84%	65%	75%
Miðlæg stjórnarsýsla	221	82%	79%	81%	73%
Skóla- og frístundasvið	2981	61%	66%	63%	71%
Umhverfis- og skipulagssvið	279	73%	73%	79%	69%
Velferðarsvið	1168	54%	55%	68%	58%

Heildareinkunn, sem er meðaltal allra þátta, er 4,14 en var 4,10 í síðustu könnun árið 2017. Þættirnir 18 mynda fjóra lykilárangursþætti og má sjá niðurstöður þeirra eftir sviðum í töflu 2.

Tafla 2. Lykilárangursþættir eftir sviðum

	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL	RVK heild
Starfsánægja	4,34	4,40	4,27	4,33	4,21	4,25	4,30
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,02	4,31	4,12	4,18	4,06	4,11	4,15
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,09	4,21	4,08	4,11	4,09	4,07	4,10
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,09	4,25	4,20	4,16	4,11	4,15	4,16
Heild	4,09	4,25	4,12	4,15	4,09	4,10	4,14

Lykilárangursþættirnir innihalda eftirtalda þætti:

Hæfir og áhugasamir starfsmenn: Metnaður, starfsmannastöðugleiki og tilgangur.


Árangursríkir stjórnunarhættir: Frumkvæði, fræðsla og þjálfun, stjórnun og viðurkenning.

Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi: hæfilegt vinnuálag, ímynd, jafnrétti og jafnræði, markmið og árangur, móttaka nýliða, starfsandi, starfsöryggi, sveigjanleiki í starfi, upplýsingaflæði og vinnuástanda.

Starfsánægja er undirþáttur sem samanstendur af tveimur spurningum.

Á mynd 1 sjást meðaltöl þáttanna 18 í röð frá þeim hæsta til þess lægsta fyrir Reykjavíkurborg í heild. Tveir hæstu þættirnir eru metnaður (4,45) og tilgangur (4,40) en þeir voru einnig hæstir árið 2017. Tveir lægstu þættirnir eru hæfilegt vinnuálag (3,47) og starfsmannastöðugleiki (3,53) sem einnig voru lægstir 2017. Allir þættirnir hafa hækkað nema þættirnir metnaður og sveigjanleiki í starfi, en þeir standa í stað. Langmesta hækkunin var á þættinum viðurkenning (+0,29), en breyting varð á þeim þætti á milli ára.

Græni liturinn táknar gildi sem eru hærri en 4 og sá guli gildi sem eru á milli 3-4.




Mynd 1. Meðaltöl þátta 2018.

Tafla 3. Meðaltöl þátta eftir sviðum

Þættir	RVK heild	ÍTR	MOF	RHUS	SFS	USK	VEL
Allir þættir	4,14	4,09	4,25	4,12	4,15	4,09	4,10
Frumkvæði	4,21	4,07	4,28	4,04	4,27	4,10	4,13
Fræðsla og þjálfun	4,24	4,12	4,39	4,23	4,23	4,13	4,30
Hæfilegt vinnuálag	3,50	3,68	3,49	3,38	3,46	3,45	3,62
Ímynd	4,28	4,29	4,59	4,03	4,39	3,95	4,11
Jafnrétti og jafnræði	4,30	4,22	4,39	4,23	4,34	4,32	4,21
Markmið og árangur	4,31	4,13	4,40	4,28	4,35	4,25	4,25
Metnaður	4,45	4,38	4,56	4,59	4,44	4,35	4,47
Móttaka nýliða	4,08	4,14	4,15	4,13	4,05	4,23	4,11
Starfsandi	4,28	4,10	4,36	4,21	4,30	4,32	4,22
Starfsánægja	4,30	4,34	4,40	4,27	4,33	4,21	4,25
Starfsmannastöðugleiki	3,60	3,62	3,79	3,73	3,57	3,69	3,60
Starfsöryggi	4,26	4,28	4,17	3,86	4,32	4,08	4,22
Stjórnun	4,16	4,01	4,30	4,16	4,21	4,13	4,07
Sveigjanleiki í starfi	4,12	4,22	4,30	4,33	4,07	4,23	4,13
Tilgangur	4,41	4,27	4,40	4,27	4,47	4,28	4,36
Upplýsingaflæði	4,02	3,86	4,07	3,98	4,05	4,00	3,98
Viðurkenning	4,00	3,89	4,27	4,08	4,02	3,87	3,94
Vinnuaðstaða	3,88	4,00	4,21	4,35	3,81	4,10	3,88

Spurt var hvort fólk hafi orðið fyrir áreitni og einelti frá samstarfsfólki og þjónustuþegum en mynd 2 sýnir niðurstöður þessara spurninga. Niðurstöður gefa til kynna að dregið hafi úr áreitni á milli ára en áreitni frá samstarfsfólki mældist 6,8% árið 2017 en 5,7% í ár og áreitni frá þjónustuþegum mældist 16,1% árið 2017 en 14,6% í ár. Einelti frá samstarfsfólki mældist 3,9% árið 2017 en 3,7% í ár. Einelti frá þjónustuþegum mældist 2,1% í fyrra en er 2,2% í ár. Einnig var spurt um það hvort fólk hafi orðið vitni að fordómum en 29,8% sögðust hafa orðið vitni að fordómum í ár en 29,6% í fyrra.

Áreitni/Einelti/Vitni að fordómum á síðustu 12 mánuðum



Mynd 2. Áreitni, einelti, vitni að fordómum.